

Hafið bláa hafið / Sigling

lag. Friðrik Bjarnason

ljóð: Örn Arnarson (Magnús Stefánsson)

Hafið bláa, hafið hugann dregur,
hvað er bak við ystu sjónarrönd?
Þangað liggur beinn og breiður vegur,
bíða mín þar æskudraumalönd.

Beggja skauta byr
bauðst mér aldrei fyrr.
Bruna þú nú bátur minn.
Svífðu seglum þöndum,
svífðu burt frá ströndum.
Fyrir stafni haf og himinninn.

Hlíðin mín fríða

lag: F.Flemming

ljóð: Jón Thoroddsen

Hlíðin mín fríða
hjalla meður græna
blágresið blíða,
berjalautu væna.
'A þér ástaraugu
ungur réð ég festa,
blómmóðir besta

Sá ég sól roða
síð um þína hjalla
og birtu boða
brúnum snemma fjalla.
Skuggi skaust úr lautu
skreið und gráa steina,
leitandi leyna.

Smaladrengurinn

Lag. Skúli Halldórsson

Ljóð. Steingrímur Thorsteinsson

‘Ut um græna grundu
gakktu, hjörðin mín.
Yndi vorsins undu.
‘Eg skal gæta þín.

Sól og vor ég syng um,
snerti gleði streng.
Leikið, lömb, í kring um
lítinn smaladreng.

Kvöldvísur

‘Íslenskt þjóðlag - Alþýðuvísur

Kvölda tekur sest er sól,
sígur þoka á dalinn.
Komið er heim á kvíaból
kýrnar, féð og smalinn.

Senn er komið sólarlag,
sést á norðurtindum,
líður á þennan dýrðardag;
drottinn stýri vindum.

Senn er komið sólarlag,
sendi oss drottinn friðinn,
og svo gefi annan dag
eftir þennan liðinn.